

Vatnajökulsþjóðgarður
Kirkjubæjarstofa, Klausturvegi 2
880 Kirkjubæjarklaustri
Fanney.asgeirsdottir@vjp.is



Reykjavík 31.05.2020

Efni : Umsögn SAF – Samtaka Ferðaþjónustunnar vegna framtíðarskipulags náttúruverndar og innviða innan landslagsheildar í Vonarskarði (1907014).

Þann 6. Apríl 2020 óskaði Vatnajökulsþjóðgarður eftir umsögn SAF varðandi framtíðarskipulag náttúruverndar og innviða innan landslagsheildarinnar í Vonarskarði. Óskaði svæðisráð vestursvæðis sérstaklega eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- 1. Eru að ykkar mati einhverjir mikilvægir þættir sem ekki hafa fengið umfjöllun í þeim álitum/umsögnum sem borist hafa? –*
2019 lagði Vatnajökulsþjóðgarður fram metnaðarfulla atvinnustefnu sem leitast m.a. að því að örva alla atvinnustefnu í þjóðgarðinum og nágrenni hans. Samtök ferðaþjónustu vilja minna á að öflugt samráð við rekstraraðila, sem bjóða upp á og/eða hafa í hyggju að bjóða upp á þjónustu í þjóðgarðinum og þá sérstaklega um Vonarskarð í þessu tilfelli, getur ýtt undirgóða umgengi um svæðið og þar af leiðandi verða rekstaráðilar þátttakendur í náttúruvernd svæðisins í heild.
- 2. Gönguleiðir í Vonarskarði: Í dag liggja nokkrar stikaðar gönguleiðir um svæðið, hægt er að sjá þær og upplýsingar um þær á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Ætti að fjölga/fækka gönguleiðum um svæðið eða halda áfram óbreyttu ástandi? –*
Samtök ferðaþjónustunnar treysta því að þekking og reynsla fagfólks viðeigandi stofnanna og þjóðgarðs sé nýtt til að taka afstöðu til fjölgunar eða fækkunar gönguleiða á svæðinu. SAF ítrekar jafnframt að aðgengi að íslenskum náttúruperlum eigi að veragott fyrir þá sem þangað vilja ferðast.

3. *Reiðhjólaumferð: Í dag er umferð reiðhjóla óheimil í Vonarskarði. Ætti að leyfa hana eða halda óbreyttu ástandi? Ef hún yrði leyfð, hvar ætti hún þá að fara um skarðið? –*

Samtökin styðja að framtíðarskiplag svæðisins eigi að miða að náttúruvernd enda „...svæðið víða viðkvæmt“¹ og því mikilvægt að það sé haft að leiðarljósi við alla innviða uppbyggingu. En þó verður að hafa í huga að skerða ekki ferðafrelsi um svæðið. Hlutfall þeirra sem ferðast á reiðhjólum um hálendið hefur aukist hratt undanfarin ár og því full ástæða til að meta hvort ekki eigi að leyfa umferð reiðhjóla um svæðið á nú þegar troðnum stígum en þó að leyfið miðist við ástand og þolmörk svæðisins á hverjum tíma.

Samtökin hafa ekki sérþekkingu á því hvar möguleg reiðhjólaleið ætti að liggja enda er það verkefni aðila sem þekkja betur til svæðisins og framkvæmdar.

4. *Vélknúin umferð: Í dag er vélknúin umferð óheimil í Vonarskarði, nema á frosinni og snævi þakinni jörð í samræmi við almenna skilmála um vetrarakstur. Ætti að leyfa vélknúna umferð eða halda óbreyttu ástandi? Ef hún væri leyfð, hvar ætti hún þá að fara um skarðið og á hvaða tíma? –*

Jeppaferðir íslendinga um hálendi Íslands, hvort sem er að sumri eða vetri til, er ein af mörgum birtingarmyndum ferðafrelsis hér á landi. Mikilvægt er að það frelsi sé ekki skert nema með góðum og gildum rökum sbr. náttúruvernd. Þannig verður að hafa í huga að að ferðafrelsi gangi ekki á umhverfisleg þolmörk svæðisins og á sama tíma að viðkvæm svæði séu skipulögð með gott aðgengi í huga. Samtökin sjá ekki ástæðu til að breyta reglum um vetrarakstur á svæðinu en þó sé miðað við ástand og þolmörk svæðisins hverju sinni. Sumarumferða vélknúinna ökutækja á svæðinu verður að sama mati að vera metin miðað við ástand og þolmörk svæðisins hverju sinni.

Samtökin búa ekki yfir þeirri þekkingu sem þarf til að meta ástand né þolmörk Vonarskarðs og beina því til Vatnajökulsþjóðgarðs að leita til aðila sem búa yfir þeirri þekkingu svo hægt sé að ákveða hvort eigi að opna fyrir sumarumferð um svæðið. Það sama á við um mögulega staðsetningu umferðar verði svo að opnað verði fyrir umferð um svæðið.

Verði umferð vélknúna ökutækja áfram takmörkuð við vetrarakstur er mikilvægt vinna að því að innviðir svæðisins verði byggðir svo upp að hægt verði að leggja ökutækjum á skilgreind stæði á meðan svæðið er heimsótt og að auðvelt aðgengi verði frá til/og frá tilgreindum stæðum.

¹ Samkvæmt Náttúrufræðistofnun Íslands

5. *Hestaumferð: Hestaferðir í gegnum Vonarskarð eru í dag háðar leyfi þjóðgarðsvarðar á vestursvæði. Er ástæða til að breyta því skipulagi? Ætti að merkja reiðleið gegnum skarðið og þá hvar? –*


Samtök ferðaþjónustunnar telja að núverandi fyrirkomulag varðandi hestaferðir um Vonarskarð sé ágætt og hafa ekki myndað sér skoðun á því hvort þurfi að breyta því fyrirkomulagi. Samtökin ítreka að leyfi verða að vera gefin byggð á ástandi og þolmörkum svæðisins hverju sinni.

SAF, Samtök ferðaþjónustunnar, búa ekki fyrir þeirri sérþekkingu á svæðinu sem þarf til að meta hvar mögulegar reiðleiðir eigi að liggja og beina því til þjóðgarðsins að leita til fagaðila við slíkt mat.

Að lokum vilja samtök ferðaþjónustunnar ítreka að samstarf við rekstaraðila sem bjóða upp ferðir á reiðhjólum, vélknúnum ökutækjum og hestum geti enn frekar stuðlað að góðri umgengni um svæðið og þar af leiðandi verið þátttakendur að öflugri náttúruvernd og framtíðarskipulagi svæðisins, ásamt því að miða að góðri upplifun gesta svæðisins.

Virðingarfyllt

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Ágúst Elvar Bjarnason